

Jafnréttisáætlun Öskju

Markmiðið með jafnréttisáætlun Öskju er að stuðla að jafnrétti kynjanna og að kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt allri starfsemi fyrirtækisins. Aðgerðaáætlunin byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/ 2008. Áætlunin verður endurskoðuð í síðasta lagi fyrir lok árs 2021.

Launajafnrétti

Jafnréttislög kveða á um að atvinnurekanda beri að greiða konum og körlum jöfn laun og að konur og karlar skuli njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja launajafnrétti og að launaákvörðanir séu málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar	1) Launagreining unnin árlega af óháðum aðila 2) Greining gerð á hlunnindum 3) Innleiðing jafnlaunastaðals	1) Mannauðsstjóri 2) Mannauðsstjóri 3) Mannauðsstjóri, sérfræðingur í gæðamálum, framkvæmdastjóri og stjórnendur í framkvæmdastjórn	Launagreining og greining á hlunnindum unnin árlega. Innleiðingu jafnlaunastaðals verði lokið fyrir árslok 2019

Laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun

Laus störf skulu standa jafnt konum sem körlum til boða. Askja stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsfólks og að ákveðin störf flokkist ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf. Sérstök áhersla er lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
1) Taka fram í atvinnuauðglýsingum að störfin henti konum jafnt sem körlum. Auglýsa sérstaklega eftir því kyni sem hallar á, þegar aðstæður krefjast þess. 2) Jafna hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum 3) Að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar	1) Taka saman yfirlit um fjölda umsækjenda árlega, skipt eftir kyni 2) Taka saman árlega lykilupplýsingar um fjölda stjórnenda eftir kyni og bregðast við kynjahalla eftir því sem við á 3) Niðurstöður vinnustaðagreiningar nýttar og mæling á fjölda fræðslustunda eftir starfsheitum og kyni	1) Mannauðsstjóri og stjórnendur 2) Mannauðsstjóri framkvæmdastjóri, og stjórnendur í framkvæmdastjórn 3) Mannauðsstjóri og sérfræðingur í gæðamálum	Upplýsingar teknar saman árlega

Sveigjanleiki til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf

Askja vill gera starfsfólki kleift að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða tilfærslu í starfi, þar sem því verður við komið og mismunandi fjölskylduaðstæðum séu sýndar skilningur s.s. vegna veikinda barna og umönnun aldraðra foreldra.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
1) Auka sveigjanleika í starfi og mæta þörfum starfsfólks fyrir tímabundinn sveigjanleika vegna aðstæðna í einkalífi þar sem því verður við komið 2) Kynna báðum kynjum réttindi vegna veikinda barna 3) Hvetja bæði kynin til að nýta sér rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs	1) Mælingar í vinnustaðgreiningu 2) Stjórnendur kynni starfsfólki rétt sinn vegna veikinda barna og hvetji bæði kynin til að nýta sér þennan rétt 3) Stjórnendur kynni starfsfólki rétt sinn vegna fæðingar- og foreldraorlofs og hvetji bæði kynin til að nýta sér þennan rétt	1-3) Stjórnendur og mannauðsstjóri	1) Árleg mæling í vinnustaðgreiningu 2-3) Árlega tekin saman gögn um nýtingu fæðingarorlofs og veikindadaga vegna barna

Kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti

Fordómar, einelti og ofbeldi af hvaða tagi sem er eða kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Öskju.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að fordómar, einelti, ofbeldi eða kynbundin og kynferðisleg áreitni viðgangist á vinnustaðnum	1) Mæling í vinnustaðgreiningu 2) Starf öryggisnefndar sé virkt og nefndin tryggi að fyrir liggi áhættumat fyrir alla þætti starfseminnar, þ.m.t. sálfélagslegu þættina 3) Kynna viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni og kynna fyrir öllu starfsfólki 4) Fræðsla og þjálfun fyrir stjórnendur í viðbrögðum við einelti og áreitni	1) Mannauðsstjóri 2) Sérfræðingur í gæðamálum 3) Mannauðsstjóri 4) Mannauðsstjóri	1) Að hausti ár hvert 2) 2019 3) Haust 2019 4) Fyrir lok árs 2019

Áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða í öllu starfi fyrirtækisins

Eftirlit og mat á því hvort nægilegt tillit er tekið til þarfa kvenna og karla í stefnumótun, áætlanagerð og þjónustu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggt verði að samþætting jafnréttissjónarmiða eigi sér stað í allri stefnumótun, áætlanagerð og þjónustu Öskju	1) Í upphafi fjárhagsáætlunargerðar sé ávallt horft til kynjasjónarmiða	Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri bera ábyrgð á að kynjasjónarmið séu samtvinnuð fjárhagsáætlunargerð.	Í upphafi fjárhagsáætlunargerðar.

Samþykkt af framkvæmdastjórn Bílaumboðsins Öskju 11. 12.2018